

# **Jafnréttisáætlun**

## **2010 - 2011**



**Kópavogsskóli**

# Jafnréttisáætlun Kópavogsskóla

## Veturinn 2010 – 2011

Í Kópavogsskóla starfa í vetur 57 starfsmenn, 8 karlar og 49 konur. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, 1 deildastjóri, 31 kennarar -þar af 5 karlar, 2 sérkennarar, námsráðgjafi, 3 stuðningsfulltrúar, 10 skólaliðar, 1 ritari, 2 matráðar - einn fyrir starfsfólk og annar fyrir nemendur, forstöðumaður Dægradvalar, 2 hjúkrunarfræðingar, sálfræðingur, talkennari og húsvörður.

Nemendur skólans eru í vetur 323.

Í Kópavogsskóla er leitast við að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi. Markvisst er unnið að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna. Skólinn leitast við að veita báðum kynjum sömu tækifæri til áhrifa og þátttöku í öllu skólastarfi. Markmið Jafnréttisáætlunar Kópavogsskóla er að stuðla að jafnri stöðu beggja kynja í skólanum og stuðla að því að jafnréttismál verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu, bæði hvað varðar starfsfólk og nemendur.

Taka skal tillit til jafnréttissjónarmiða í allri stefnumótunarvinnu skólans. Við verkaskiptingu, ráðningar, uppsagnir og tilfærslur í störfum skal gæta þess að mismuna ekki kynjunum sbr. starfsmannaáætlun skólans.

Konur og karlar skulu njóta sambærilegra kjara og fríðinda. Gæta þarf þess einnig að allir njóti sambærilegra starfsaðstæðna í skólanum. Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu á vinnutíma, þar sem því verður við komið. Þannig skal starfsfólki auðveldað að samræma atvinnu og fjölskyldulíf. Þá skal einnig taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar, barnsburðar og umönnunar ungbarna og telst það ekki mismunun.

Ávallt skal hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi þegar auglýst er eftir starfsfólki og hvatt til þess að bæði karlar og konur sækji um störf. Við ráðningu skal það kyn sem er í minnihluta í starfi því sem auglýst er eftir, að öðru jöfnu ganga fyrir, ef um jafnhæfa einstaklinga er að ræða sem uppfylla skilyrði starfs.

# Áherslur Kópavogsskóla

Með kynjasambættingu er í Kópavogsskóla leitast við að flétta inn sjónarhorn kynjajafnréttis í almenna stefnumótun og ákvarðanatöku.

Námsefni er ekki kynjabundið. Enginn munur er á kennslu drengja og stúlkna. Allir nemendur fá sömu kennslu í sömu fögum, enda skylda kennara að fást við jafnrétti. Áhersla skal lögð á að nýta sterkar hliðar nemendanna og bæta hinar veikari.

Unnið er markvisst með sjálfsstyrkingu á öllum stigum skólans. Lögð er áhersla á hana í lífsleikni og í tjáningu, sem er hluti íslenskukennslunnar. Aftur á móti er lífsleikni fléttuð inn í daglega kennslu yngri nemendanna. Mikilvægt er að fylgjast vel með líðan nemenda í skólanum, það skiptir höfuðmáli. Einnig er mikilvægt að þjálfarar nemendur markvisst í að setja sig í spor annarra og þjálfarar þá í félagslegri færni.

Í náms- og starfsfræðslu er báðum kynjum kynnt ýmis störf, sem hingað til hafa verið álitin hefðbundin kvenna- eða karlastörf. Sérstök athygli er vakin á því við nemendur að bæði kynin geta unnið nánast öll störf á vinnumarkaðinum. Hugmyndir kynjanna um störf eru mismunandi og mótast oft af staðalímyndum sem starfsfólk þarf að vera meðvitað um. Hjá stúlkum fer oft saman virðing og áhugi fyrir starfinu, en drengir setja oftar tekjumikil störf í forgang. Hafa þarf þessi viðhorf í huga.

Skólinn leitast við að búa nemendur undir ábyrgð og skyldur samfélagsins í heild, bæði einka- og fjölskyldulífs svo og félags- og atvinnulífs. Árangur þess er þó mest tengdur utanaðkomandi þáttum eins og væntingum foreldra og aðbúnaði í umhverfi þeirra. Skólinn reynir að sýna gott fordæmi og veita nemendum uppeldi sem miðar að jafnri stöðu kynjanna. **Stuðlum að því að allir einstaklingar í skólanum fái að njóta sín sem best, óháð kyni, fötlun, uppruna, trú og litarhætti.**

Áætlun þessi styðst við Jafnréttisstefnu Kópavogsbæjar. Tekur hún bæði til starfsmanna skólans og kennslu og náms í skólanum. Skal hún uppfærð árlega.

Uppfært í ágúst 2010